

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2018.

Efni: Umsögn um mál nr. 127, frumvarp til laga um áfengislög (afnám banns við heimabruddun til einkaneyslu).

Fræðsla og forvarnir – FRÆ leggjast gegn samþykkt frumvarpsins.

Með því að heimila í lögum heimabrudd (framleiðsla áfengis til einkaneyslu án leyfa og eftirlits) er gengið gegn þeirri grundvallarsýn að áfengi sé ekki eins og hver önnur neysluvara. Forsendur hennar verða ekki skýrari en í framsetningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar:

„Skaðleg notkun áfengis er alheimsvandamál sem leiðir til milljóna dauðsfalla, þar á meðal glatast líf hundruð þúsunda ungs fólks. Það er ekki aðeins orsakabáttur í mörgum sjúkdómum, heldur einnig áhrifaþáttur í slysum og ofbeldi..“¹

Þetta er í sjálfu sér næg forsenda þess að leyfisbinda alla þætti innflutnings, framleiðslu, sölu, dreifingu og markaðsvæðingu áfengra drykkja og tryggja eftirlit með þeim þáttum.

Óheft og eftirlitslaus heimabruddun áfengis er til þess fallin að grafa undan því viðhorfi að áfengi sé engin venjuleg neysluvara og slæva þá varúð sem nauðsynleg er við neyslu áfengis.

Með samþykkt frumvarpsins er opnað á aukið aðgengi að áfengi og þar af leiðandi aukna neyslu og aukinn vanda vegna áfengisneyslu. Í frumvarpinu eru engar takmarkanir á styrkleika þess áfengis sem heimilt yrði að framleiða án leyfa og eftirlits. Með verðstýringu hafa íslensk stjórnvöld reynt að draga úr neyslu sterks áfengis með góðum árangri. Skaðsemi sterks áfengis minnkar ekki við að heimila eftirlitslausa framleiðslu þess og aukna neyslu.

Allar ákvarðanir sem líklegt er að leiði til aukinnar heildarneyslu áfengis eru í andstöðu við stefnu stjórnvalda (sbr. Stefna stjórnvalda í áfengis og vímuefnum til ársins 2020) og ógna góðum árangri í að draga úr ávana- og vímuefnaneyslu íslenskra ungmenna.

Virðingarfyllst,



Framkvæmdastjóri Fræðslu og forvarna - FRÆ

¹ Global status report on alcohol and health. World Health Organization 2011.

Þekking er þágu forvarna